

**Nr. 17-133 S 101 Faldur****Farþegi slasast við fall**

Skipaskr.nr. 1267  
Smíðaður: Vestmannaeyjum 1972, Eik  
Stærð: 17,91 brl. 25,58 bt.  
Mesta lengd: 14,54 m Skráð lengd: 14,22 m  
Breidd: 4,08 m Dýpt: 1,56 m  
Vél: Scania 113 kW 1972  
Fjöldi skipverja: 2  
Farþegar: ??



Faldur ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli*

**Atvikalýsing:**

Þann 27. ágúst 2017 var Faldur á siglingu í hvalaskoðunarferð með farþega á Skjálfandaflóa. Veður: S gola, þurrt og ládautt.

Á siglingunni féll einn farþeginn á þilfarið og slasaðist á fæti. Siglt var með hann í land og í ljós kom að hann var brotinn.

**Við rannsókn kom fram:**

- að slasaði hafði setið á bekk fram á skipinu og var með barn í fanginu. Hann kvaðst hafa staðið upp til að sýna barninu hval en misst jafnvægið við hreyfingu skipsins og dottið. Vegna barnsins gat hann ekki borið fyrir sig hendur og lenti því illa á vinstra hnéð;
- að sögn skipstjóra sá hann slasaða í fallinu en ekki tildrög þess en taldi að hann hefði lent svona illa vegna barnsins;
- að þilfarið var þurrt og ekki hált;
- að ekki var talin ástæða til að gera breytingar um borð til að fyrirbyggja svona atvik.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.